1990 nr. 102 12. desember
Lög um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar

Tóku gildi 19. desember 1990. *Breytt með:* L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005).

■ **1. gr.**

□ Stofna skal norrænt fjármögnunarfélag samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfismála sem undirritaður var í Reykjavík 2. mars 1990.

■ **2. gr.**

□ Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála,[1)] svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri eða gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelda starfsemi félagsins eða efndir skuldbindinga þess.

[1)] *Nú l. 87/1992.*

■ **3. gr.**

□ Félagið skal undanþegið aðstöðugjaldi, landsútsvari [og tekjuskatti],[1)] svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

[1)] *L. 129/2004, 82. gr.*

■ **4. gr.**

□ Lánssamningar, sem félagið er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

■ **5. gr.**

□ Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.